

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. desember 2013 R2013110031
T-ums 19/13

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/474
komudagur 2.12.2013

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum - 165. mál, þskj. 197.

Ríkisskattstjóri hefur þann 19. nóvember 2013 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að við lög nr. 42/1983, um Landsvirkjun, verði bætt við ákvæði til bráðabirgða þar sem heimilað verði að sameina Þeistareyki ehf. og Landsvirkjun frá og með 1. júlí 2013. Þá kemur fram að um sameininguna/samrunann eigi að fara með sama hætti og þegar um er að ræða sameiningu/samruna einkahlutafélags við hlutafélag og að sömu laga og reglna og viðmiðana verði gætt við samrunann. Í athugasemdum kemur fram að þar sem fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra hafi synjað fyrirhuguðum samruna sem tilkynntur var þann 21. desember 2012 á grundvelli þess að samruninn ætti sér ekki næga lagastoð sé nauðsynlegt að afla skýrrar viðbótarheimildar frá Alþingi til samrunans.

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri benda á að ákvæði 51. - 54. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, hefur að geyma ákvæði sem gilda um sameiningar og skiptingar félaga. Samkvæmt orðalagi þeirra afmarkast gildissviðið við hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sameignarfélög en ekki til þess að sameignarfyrirtæki sé sameinað einkahlutafélagi.


Til þess að ná betur fram markmiðum frumvarpsins leyfir ríkisskattstjóri sér því að leggja til að 1. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

„Heimilt er að sameina Þeistareyki ehf. og Landsvirkjun með þeim hætti að Landsvirkjun taki yfir allar eignir, skuldir, réttindi, skuldbindingar og rekstur Þeistareykja ehf. frá og með 1. júlí 2013.

Ákvæði XIV kafla laga um einkahlutafélög skulu gilda um sameininguna að því marki sem við á. Þrátt fyrir skilyrði 51. og 54. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal ákvæðið gilda um sameiningu Þeistareykja ehf. og Landsvirkjunar þannig að samruninn hafi ekki í för með sér skattskyldu, hvorki fyrir Þeistareyki ehf., né Landsvirkjun. .“

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Guðrún J. Jónsdóttir